

# Þýðingar – góðar og gildar



Leiðbeiningar fyrir  
kaupendur þýðinga

**Það getur verið snúið að kaupa  
þýðingar án þess að vera sérhæfður  
í málefnum**

**Tillögurnar í þessum leiðbeiningum  
miða að því að draga úr streitu og  
liðsinna þér við að fá sem mest fyrir  
peningana**

# **Þýðingar, túlkun – hver er munurinn? Þýðendur skrifa, túlkar tala**

Ef þú ert að vinna með rituð gögn – notkunarleiðbeiningar fyrir þýska notendur, auglýsingaspjöld fyrir herferð í Argentínu, skýrslur sem skrifaðar voru á kínversku í útibúi í Sjanghæ og þú verður að skilja – þá vantar þig *þýðanda*.

Viljirðu eiga í samskiptum við fólk á erlendu máli á staðnum – sýna gestum frá Mexíkó rannsóknastofuna, vera með stjórnarfund í Japan, halda foreldrafund með fjölskyldu sem nýlega er flutt frá Sómalíu – þá vantar þig *túlk*.

## Er nauðsynlegt að þýða?

Í stað þess að þýða skjöl frá upphafi til enda – hundruð síðna – er best að ákveða með viðskiptavini (eða söluteymi) hvaða upplýsingar séu í raun og veru nauðsynlegar. Oftast má skera niður uppfyllingarefni, til að mynda lista yfir allar deildirnar sem komið hafa að verkinu. Erlendum viðskiptavinum er sama um það. Slíkir listar geta jafnvel orðið til þess að fyrirtækið er talið sjálfmiðað og hrokafullt.

- Fyrirtæki í Frakklandi stytta 500 síðna handbók niður í 230 síður með aðstoð sérhæfðs þýðanda sem fjarlægði kafla sem ekkert erindi áttu við erlenda viðskiptavini.
- Lögmennastofa í Kaliforníu nýtir sér reglulega þjónustu sérhæfðs þýðanda til að fá stutta, munnlega útgáfu á japönskum einkaleyfum. Skjölín sem á að þýða eru svo valin í sameiningu.



**Láttu þýða einungis viðeigandi kafla í þeim skjölum sem til eru eða skrifa styttri texta til þýðingar.**

# Mynd segir meira en þúsund orð

## Léttu þunganum af orðunum

Notaðu kort, myndtákn og skýringamyndir. Það hefur miklu meiri áhrif á alþjóðlegan lesendahóp en bókmenntalegt fjas og ofurtæknilegar lýsingar. Verkið verður auðveldara fyrir þýðandann og minni hættu er á því að hrasa um tiltekið tækniort. Og þýðingareikningurinn verður líkast til lægri.

- Ikea er með 316 verslanir í 38 löndum þegar þetta er skrifað. Fyrirtækið notar að mestu orðalausar skýringamyndir til að leiðbeina viðskiptavinum gegnum samsetningu hluta. Um 80% fyrirmæla eru aðeins í myndum, hin 20% eru síðan texti sem snýst um öryggisatriði.
- Á hverju ári fara fleiri en 65 milljónir ferðamanna frá öllum heimshornum um fimm flugstöðvabyggingar Heathrow-flugvallar í Lundúnum og notast allir við alþjóðlega viðurkenndar táknmyndir.



**Aðeins skal nota texta þegar nauðsyn krefur  
eða þegar það er skilvirkasta aðferðin til að  
koma boðum þínum til skila.**

## Hugsaðu alþjóðlega frá byrjun

Forðastu menningarbundnar klisjur. Vísanir til þjóðaríþróttar geta vel skotið yfir markið. Sama á við um bókmenntalegar / menningarlegar myndlíkingar. Farðu varlega með vísanir til mannslíkamans, viðhorfin geta verið mjög mismunandi eftir menningarsvæðum.

Málaðu þig ekki út í horn með því að tengja rituð skilaboð um of við myndefni sem hefur ekki jafn sterka skírskotun utan heimalandsins. Það þvingar erlenda þýðendur til að nota annarlega orðaleiki og þunglamalegar umorðanir.

Íslenskur ráðamaður sagði breskum innflytjendum, „þeir sletta skyrinu sem eiga það“. Brandarinn fór alveg ofan garðs og neðan, meira að segja þótt viðmælendur þekktu skyr. Orðtök og orðaleiki þarf alltaf að endurhugsa þannig að lesendur eða viðmælendur átti sig á merkingunni. Orð fyrir orð gengur ekki upp í þessum tilfellum.



**Það er allt í lagi að halda svolítið í upprunabragðið en gakktu úr skugga um það með tungumálaleyminu hvort aðlögun sé möguleg. Og gleymdu ekki landskóðum fyrir síma og fax.**

## Hvað kostar þetta?

Verð á þýðingum má mæla á skalanum frá 1 upp í 10 og þó að hátt verð tryggi ekki mestu gæði leyfum við okkur að halda því fram að á verði fyrir neðan tiltekið lágmark er ólíklegt að þú fáir texta sem er fyrirtæki þínu og vörum til sóma. Ef þýðandi er á barnapíulaunum er ósennilegt að viðkomandi kynni sér þróunina á þínu sviði eins og vera ber.

Vertu raunsær. Hversu mörgum síðum getur þýðandi annað á klukkustund? Hversu mikinn tíma ætlar þú honum eða henni til að móta texta sem á að kynna vöru þína eða þjónustu? (Hversu langan tíma tók það teymið þitt að móta frumtextann?)

Áður en þýðingaþjónusta er valin skaltu reikna út hversu mikið þú hefur fjárfest í að þróa þá vöru eða þjónustu sem þú hyggst kynna erlendis. Ef þú hefur ekki efni á faglegri þýðingu er óvíst hvort varan eða þjónustan er tilbúin fyrir alþjóðamarkað.



**Virðisaukinn sem þýðingafyrirtæki býður upp á (val á þýðanda, verkefnastjórn, gæðaeftirlit, breytingar á skrá, stöðluð framsetning á fjöltyngdu efni o.s.frv.) kostar einnig sitt, en getur sparað mikla vinnu.**

## Hvaða máli skiptir stíllinn?

Tehao Rechargeable shaver RCCW-320: smygla rakvél blað (viðmiðunargildi kringum 400 g) á vöðva lóðrétt. Þá draga húðina og raka hægt aftur.

Svona textar koma oft út úr vélþýðingaforritum eða eru afurðir þýðenda sem þýða á erlent mál og eru að berja saman texta með málfræðibók í annarri hendi og orðabók í hinni. Þetta er ágætis grín á köflum.

Aðrar þýðingar eru tæknilega nákvæmar, en setningarnar flæða ekki eins mjúklega og þær gætu. Orðaröð eða orðaval geta verið undir óþarflega miklum áhrifum frummálsins. Þetta eru ekki góðir sölutextar, en eru kannski fullnægjandi fyrir lesendur sem þekkja viðfangsefnið og geta – eða hafa tíma til – að lesa á milli línanna.



**Margir seljendur útvega oft aðeins þýðingar „til upplýsingar“ fremur en „endurritun“ eða „aðlögun“. Best er að skýra þetta fyrirfram.**

**Hafið það skriflegt.**



**Sérfræðingar vísa oft til réttra en ófrágenginna gagna þegar þeir tala um þýðingar „til upplýsingar“. Þær má oftast vinna hraðar og ódýrar en efni sem gefa á út opinberlega**

**En ef þú vilt selja eða sannfæra, eða ef ímyndin er mikilvæg, þá er slík þýðing vísast ófullnægjandi**

## Ekki falla fyrir freistingunni að vinna þýðinguna sjálf/ur

Talmál er ekki ritmál. Mælska tryggir ekki fagaða og vel stílaða þýðingu. Jafnvel þótt þú semjir með góðum árangri á ensku, þýsku eða frönsku og dveljir langdvölum í löndum þar sem þessi mál eru töluð, þá sést í 99 tilfellum af 100 að textar þínir á erlendu máli eru auðsjáanlega eftir „útlending“.

Þetta getur skipt meira eða minna máli. Það getur verið aukaatriði ef (1) helstu sölurökin eru verðið (viðskiptavinir sem einblína á verðið láta bjóða sér ýmislegt ef þeir skilja aðalatriðin) eða (2) þú vilt leggja áherslu á uppruna vörunnar með framandi brag.



**Ef þú vilt alþjóðlega ímynd er líkast til betra að vera með almennari nálgun fremur en þjóðlega. Í mörgum menningarsamfélögum þykir klaufsk eða kæruleysisleg málnotkun – einkum af hálfu útlendinga – ekki fyndin. Hún er móðgandi.**

## Ljúktu við textann *áður* en hann er sendur í þýðingu

Eins freistandi og það er að koma verkefninu af stað sem fyrst þá kostar þýðing á drögum alltaf tíma og þar með peninga – (auk þess sem svona vinna getur verið ergjandi) – og því er betra að bíða eftir fullfrágengnum texta. Enn verra er að því fleiri útgáfur sem eru í umferð, því meiri líkur eru á að villur læðist inn í lokaútgáfuna.



**Stundum er samt engra kosta vöð. Stundum eru skiladagar svo nærri að þýðing verður að hefjast áður en textinn er fullfrágenginn.**

**Standi svo á er best að merkja allar skrár með dagsetningu og tíma og merkja allar breytingar svo að þýðendur eigi hægara með að sjá þær.**

## Hvað um þýðingaforrit?

Sé tíminn knappur og þú vilt átta þig á aðalatriðum efnisins fyrir þig (innan hússnotkun) geta þýðingaforrit verið gagnleg. Þau eru hraðvirk. Og ódýrara verður það ekki.

Þumalfingursreglan er sú að nota ekki hrátt efni úr tölvu í neitt sem fara á til dreifingar utan fyrirtækisins, án beins samþykkis viðskiptavina. Það er einfaldlega ekki viðeigandi: skilaboðin gætu verið óljós, jafnvel kjánaleg. Nákvæmur yfirllestur færra þýðenda er einn kostur, þótt ekki kæri sig allir þýðendur um slík verkefni. Margir halda því fram að vélþýddir textar séu svo gallaðir að það sé fljótlegra að þýða þá frá grunni.

**Sumar þýðingastofur hafa þróað sinn eigin hugbúnað fyrir**



**tiltekin tungumálapör og viðfangsefni.**

**Sá hugbúnaður skilar miklu betri niðurstöðum  
en eitthvert forrit upp á 9.999 kr. út úr verslun.**

**En hann er ekki ókeypis og eftir sem áður þarf að fá  
manneskju til að lesa þýðinguna yfir.**

***The Wall Street Journal* prófaði tvö ókeypis vélþýðingaforrit og komst að þessari niðurstöðu: „Þessi þjónusta er nothæf fyrir ferðamenn eða þá sem vilja þýða bréf frá fjarskyldu frændfólki. Mér dytti ekki í hug að nota hana í viðskiptaskyni eða nokkuð sem krefst nákvæmni.“**  
***(A Closer Look)***

## Segðu þýðandanum til hvers þýðingin er

Ræða er ekki það sama og vefsíða, bæklingur ekki það sama og skráning í vörulista. Yfirskrift á grafi er ekki skilti. Grein í DV er ekki sama og gögn í opinberu útboði.

Stíll, orðfæri, orðalag og lengd setninga – allt er þetta breytilegt eftir því hvar textinn þinn birtist og hverju þú vilt ná fram með honum. Reyndur þýðandi spyr þig líkast til að þessu og vertu því viss um að þú hafir þessar upplýsingar við hendina. Þú nærð langbestum árangri með því að þróa langvinnt samstarf við þýðanda eða þýðendateymi. Því lengur sem þú vinnur með þeim og þeir öðlast betri skilning á stefnu fyrirtækisins, áætlunum þess og vörum, því skilvirkari verða textarnir þeirra.



**Gættu þess að þú segir þýðendum þínum til hvers textinn þinn er, svo að þeir geti náð sem mestum áhrifum á markmáli hjá tilteknum markhópi í tilteknum miðli.**

# Kennarar, fræðimenn og stúdentar: á eigin ábyrgð

Mörg fyrirtæki sem þurfa að takast á við erlenda texta leita oft fyrst til tungumáladeildar næsta framhaldsskóla eða háskóla. Þó að þetta geti – stundum – komið að gagni þá er þetta **afar** áhættusamt þegar um kynningartexta er að ræða.

Miklar kröfur eru gerðar til þeirra sem kenna erlend tungumál og til þess þarf tiltekna færni. Það er ekki sama færni og þarf til að skila frá sér fágaðri og vel stílaðri þýðingu. Áhættan er jafnvel enn meiri þegar leitað er til nemenda sem getur virst þægileg og ódýr lausn.



**Þætti þér í lagi að læknanemar gerðu minni háttar aðgerðir til að standa straum af námi sínu? (Myndir þú lýsa þínum bæklingi/ársskýrslu/ræðu sem „minni háttar“?) Létir þú viðskiptafræðinema ganga frá ársreikningum þínum til að spara peninga?**

# Atvinnuþýðendur þýða á móðurmál sitt

Ef þú vilt láta þýða vörulistann þinn á þýsku eða rússnesku eiga þýðendurnir að hafa þessi mál að móðurmáli. Sama gildir um enska texta, þýðendur með ensku að móðurmáli þýða yfir á ensku.

Þú getur kannski ekki alltaf áttað þig á þessu, en þýðandi sem brýtur þessa grundvallarreglu lætur oft önnur gæðaviðmið lönd og leið.

Jú, vissulega eru til undantekningar. En þær eru fáar. Ef þjónustuaðili þinn segist vera ein þeirra skaltu fá að sjá eitthvað sem hann eða hún hefur gert áður. Ef það er læsilegt og rétt með farið og þýðandinn lofar þér sömu gæðum – því ekki? Stundum taka málamenn með sérþekkingu á tilteknu sviði að sér að þýða á erlent mál. Í þessum tilfellum verður góður móðurmálshafi að lesa þýðinguna vandlega yfir – og ekki bara með því að renna yfir hana – áður en hún er send í prentun.



**Missa þýðendur, sem búa erlendis, sambandið við móðurmál sitt? Kannski þeir lökustu á markaðnum. En tungumálasérfræðingar viðhalda færni sinni hvar sem þeir búa.**



# Hvaða tungumál tala viðskiptavinir þínir?

Spænska fyrir viðskiptavini í Madríd eða Mexíkóborg? Hafðu samband við erlenda samstarfsaðila til að vita nákvæmlega hvers er vænst.

Málsnið er einnig mikilvægt. Þýska fyrir lækna og heilbrigðisstarfsfólk eða fyrir neytendur heilbrigðisþjónustu? Ertu að selja almenningi bankaþjónustu eða fjárfestinga-sjóðum í Lúxemborg? Mundu líka að sums staðar er þess krafist að skjöl séu á tveimur eða fleiri tungumálum og sé það ekki gert kostar það sektir eða eitthvað þaðan af verra.



**Talaðu tungumál lesenda þinna. Settu þig í þeirra spor og einblíndu á hvernig vörur þínar og þjónusta nýtast þeim best. Sýndu raunsæi. Sýndu nákvæmni. (Sama á við frumtextana þína, vitaskuld.)**

## Spurull þýðandi boðar gott

Enginn les textana þína nákvæmar en þýðandinn þinn. Hann eða hún er vís með að rekast á loðna framsetningu hér og þar – þar sem skýringa er þörf. Þetta kemur sér vel fyrir þig þar sem þú getur bætt frumtextann þinn.

- Evrópskur tölvuleikjasérfræðingur bendir á að stjórnendur skildu ekki sína eigin hlutafjárkauprétti fyrir en beðið var um enska þýðingu: þýðandinn spurði margra spurninga og skilaði miklu skýrari útgáfu en frumtextinn var.
- „Við reynum að bíða eftir að textarnir okkar komi úr þýðingu áður en við gefum þá út á frummálinu,“ segir aðalhafgræðingur stórbanka í París. „Ástæðan er einföld: þýðendur okkar fara vandlega yfir efnið. Gagnrýninn lestur þeirra auðveldar okkur að finna veika bletti í frumtextanum.“



**Góðir þýðendur greina setningar þínar í frumeindir áður en þeir skapa nýjar í markmálinu. Og þeir spyrjast fyrir á meðan þeir eru að.**

# Því tæknilegra sem viðfangsefnið er, því mikilvægara er að þýðendur þínir þekki það út og inn

Ef þú lætur fimm aðila fá einfaldar upplýsingar upp á 100 orð og biður þá að skrifa þær upp á móðurmálinu þá færðu fimm texta, suma skýrari og lesvænni en aðra. Þeir sem þekkja viðfangsefnið eru líklegri til að skila betri texta. Sama á við um þýðendur.

Reyndu að þekkja þýðendur þína ef þú mögulega getur – ekki aðeins verkefnastjórana, heldur einnig þýðendurna sjálfa, fólkið sem býr til textana þína. Og gakktu úr skugga um að þeir þekki þig.



**Talaðu við þýðendurna þína. Þeir ættu að vera vel heima í þeim viðfangsefnum sem þeir þýða; ef ekki þá er betra að fara eitthvað annað. Þýðendur eiga ekki að rannsaka efnið á þinn kostnað, nema þú hafir samþykkt það sérstaklega.**

# Endaspretturinn: láttu þýðandann lesa próförk eftir umbrot

**Alltaf.** Jafnvel þótt verkferlar séu áreiðanlegir og þýðingapjónustan þekki fyrirtæki þitt inn og út, þá geta viðbætur á síðustu stundu (fyrirsagnir, myndatextar, orðalagsbreytingar) frá ágætu fólki, sem ekki er sérhæft í tungumálum, valdið skaða á annars vel unnu skjali. Menn hrasa auðveldlega. Einn ágætur og vel meinandi þýskur athafnamaður fjarlægði „s“ úr enska orðinu „headquarters“ af því að þeir væru aðeins með eina „höfuðstöð“. Franskir umbrotsmenn bæta iðulega við „s“ við enska orðið „information“. Þegar Hillary Clinton lét rússneska utanríkisráðherrann fá tæki sem á stóð „ENDURSTILLA“ var þýðingin á móðurmál viðtakanda „OFGREITT“.

Enginn prófarkalesari í nánd!



**Gakktu úr skugga um að móðurmálshafi með tungumálafærni fari yfir lokafrágang. Af sömu ástæðum skal ekki ganga frá lokabreytingum á erlendum texta gegnum síma. Fólki misheyrir oft.**

# Frágangur á letri og greinarmerkjum er mismunandi eftir tungumálum

Prentarar og skrifstofufólk vita oft ekki af þessu – eða taka það ekki alvarlega – og „aðlaga“ texta á erlendum málum til að samræma þá eigin venjum.

Á frönsku er bil á milli orðs og tvípunktis á eftir og tilvitnunarmerkin eru « ». Á þýsku eru nafnorð með stórum staf. Á íslensku, spænsku og frönsku eru mánuðir og vikudagar ekki skrifaðir með stórum staf. Og alls ekki skrifa bara „n“ þegar á spænsku stendur ñ...

Tvímála auglýsingaborði í Bandaríkjunum fagnaði 100 anos í sögu eins bæjarfélags. Año þýðir ár á spænsku, ano endaparmsop. (Og hvað ef broddurinn gleymist yfir staf eins og É? Ekki getur það verið góð vel!)



**Jafnvel þótt villur í umbroti séu minni háttar geta þær samanlagðar verið neikvæðar fyrir lesendurna. Farðu eftir þeim venjum sem ríkja í því tungumáli sem þú ert að vinna á.**

# Pýðendur og tvítýngdir: athugaðu nánar

Atvinnuþýðendur eru textahöfundar sem skapa lesvæna texta á markmálinu. Þeir kunna frummálið yfirleitt reiprennandi líka. En þeir eru fyrst og fremst brúarsmiðir milli tungumálanna sem þeir vinna með; þeir geta túlkað boð frumtextans með viðeigandi stíl og orðfæri á móðurmál sitt.

Tvítýngi er af öðrum toga. Tvítýngt fólk getur talað tvö tungumál reiprennandi, en er ekkert endilega mjög fært í að flytja upplýsingar á milli þeirra, einkum á rituðu máli. Og margir sem kallast tvítýngdir ofmeta færni sína algjörlega. Franska keðjan Lina's, sem selur dýrar samlokur auglýsti erlendis á ensku með texta eftir starfsmann sem sagðist vera tvítýngdur. Einkunnarorð: „Tomorrow, we will expect on your dynamism.“ Eins og svo margir kunni viðkomandi ekki að nota forsetningar á ensku. Viðbrögð: engin.



**Tvítýngi eitt og sér tryggir  
ekki vandað, ritað mál eða  
færni í þýðingum.**

# „Tækniorð eru auðveld í þýðingu.“ Algeng goðsögn

Vissulega er orðfæri í vísindum eins og grasafræði, dýrafræði o.fl. nákvæmt og alþjóðlegt – þegar því er beitt af kunnáttu. Og listi yfir íhluti tækja með myndum er yfirleitt auðveldur í þýðingu. En oft eru íslensk hugtök og orð fundin upp í stað þeirra alþjóðlegu á þessum sviðum.

En jafnvel sérfræðingar, sem skrifa um tæknimál á eigin tungu, eiga sína fingurbrijóta.

Tæknipýðendur, eins og aðrir, verða að sjá til þess að afurð þeirra sé að minnsta kosti eins læsileg og frumtextinn, og stundum betri – sem kemur ekki á óvart þar sem hún nýtir þess að vera yfirfarin af öðrum sérfræðingi. Röng notkun tækniorða bendir oft til þess að þýðandi hafi reist sér hurðarás um öxl. Ein lausn er að fá sérfræðinga í efninu til að fara yfir textann.



**Ávallt skal láta atvinnuþýðanda fara yfir málfraði, setningabyggingu, greinarmerkjasetningu og stíl áður en textinn er sendur í prentun, einkum ef sérfræðingarnir í efninu eru ekki móðurmálshafar.**

## Val á þýðingaþjónustu

Glansbæklingar og fjálgleg sölumennska er eitt, ósvikin færni annað.

Fáðu að sjá fyrri þýðingar sem viðkomandi þýðingastofa hefur unnið – ekki aðeins nöfn viðskiptavina, heldur texta sem hún hefur unnið og selt. Ef þjónustuaðili býður í erlenda útgáfu á vefsíðunni þinni skaltu fá að sjá vefsíður sem hann hefur þýtt. Sama á við um bæklinga og ræður. Fáðu álit hjá móðurmálshafa með tungumálafærni (í erlendu útibúi eða hjá samstarfsaðila).

Ef þýðingaþjónustan hefur starfað í nokkur ár og getur ekki sýnt þér neitt sem hún er ánægð með, þá ertu í vöndum málum (eða þýðingaþjónustan).

Láttu þjónustuaðila vita af því að nafn þeirra birtist á nafnalista ásamt öðrum á borð við ljósmyndara og hönnuði.



**Það kostar ekkert meira að setja nafn þýðenda eða þjónustuaðila á listann og hvetur þá til að skila sem bestri vinnu. Athugaðu að þýðendur geta þá stundum krafist þess að fá að lesa próförk til að vernda orðspor sitt fyrir breytingum annarra. Þetta er í allra þágu. Samþykktu það hiklaust.**



**Ef fyrirtæki þitt hefur erlenda markaði í huga skaltu strax fara að leita að þýðendum. Og um leið og þú byrjar að vinna texta til þýðingar skaltu láta þýðendur vita eins fljótt og unnt er**

**Hugleiddu að búa til orðalista til innanhússnota. (Þetta er afbragðsgóð leið til bæta samræmi í frumtextunum þínum.) Best er að vinna með þýðendum og eigin starfsmönnum til að þróa tvímála útgáfu**

## Hvað þarftu í raun og veru?

Þarftu texta til útgáfu, til upplýsingar, hráa vélþýðingu, útdrátt – hvers konar þýðingar viltu (og hve mikið mega þær kosta)?

Ein leið: reiknaðu út hversu margir lesa textana ykkar (auglýsingaherferð í stórblöðum eða minnisblað fyrir 12 starfsmenn?). Hvaða áhrif hefði alvarlega gölluð þýðing á ímynd fyrirtækisins og lagalegar skuldbindingar?

Líttu nú aftur á fjárhagsáætlunina.

Þýðingar eru fjölbreytt atvinnugrein. Jafnvel það sem ætlað er „til útgáfu“ tekur til fjölda þjónustugreina og aðila og verðlag þeirra er afar mismunandi. Teymið sem vann frábæra þýðingu á forritahandbókunum er kannski ekki það rétta til að þýða ársskýrslu fyrirtækisins þíns.



**Fyrir auglýsingar í tímaritum og dýr skilti er skynsamlegt að kaupa gæðaþýðingu. Fyrir minnisblöð starfsmanna eða skjöl með takmarkaða dreifingu er allt í lagi að fá minna fágaða (og ódýrari) þýðingu.**

# Sýndu frumkvæði

Einfaldasta leiðin til að klúðra málum í þýðingum er afskipta-  
leysi í öllu ferlinu. Ef þú tekur þér ekki tíma til að upplýsa  
þjónustuaðila þína er mikil hættu á að þú fái ekki það sem þú  
vilt eða þarft.

Það kostar kannski tíu mínútur til viðbótar við að segja  
ritaranum að „láta þýða þetta“, en ef rétti aðilinn spjallar þessar  
tíu mínútur við þýðandann (eða jafnvel verkefnastjórnann), þá  
sparar þú peninga og streitu síðar í ferlinu.



**BANDALAG  
ÞÝÐENDA  
OG TÚLKA**

Bandalag þýðenda og túlka  
[www.thot.is](http://www.thot.is)  
[thot@thot.is](mailto:thot@thot.is)

---

Systurfélög:



American Translators Association



Institute of  
Translation  
& Interpreting



Syndicat  
national des  
traducteurs  
professionnels

---

Enskur texti: Chris Durban ©2011

Íslensk þýðing: Gauti Kristmannsson

Umbrot: Mark Richardson



***Þýðingaverkefni geta farið úrskeiðis á hundrað vegu: fáránlegar fyrirsagnir, vafaatriði sem stækka við það að þýðendur spyrja ekki spurninga, röng notkun vélþýðinga, enginn prófarkalestur móðurmálshafa á umbrotnum texta, sælurík fáfræði þýðanda með oftrú á sjálfum sér, slök verkefnastjórnun stórra verkefna, léleg þýðing ódýrs lausamanns, léleg þýðing ódýrrar þýðingastofu, léleg þýðing dýrrar þýðingastofu, engar upplýsingar frá viðskiptavinum og fleira og fleira***

***Með því að nota aðeins helming þeirra ráða sem er að finna í þessum leiðbeiningum aukast líkurnar á því að þú fáir þýðingu sem hrífur***